



Byggðasamlagið Hula
Austurvegi 17
870 Vík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 29. ágúst 2019
Tilv.: UMH19080071/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Umhverfisstofnunar frá 28. ágúst 2019 um förgun veirusmitaðra kjúklinga frá alifuglabúi Reykjarðs að Jarlsstöðum. Í erindinu kemur fram að stofnuninni hafi borist tilkynning frá Matvælastofnun í tölvupósti þann 31. júlí sl. um að veirusjúkdómur IBH (Inclusion Body Hepatitis) hafi greinst í kjúklingum á alifuglabúi Reykjarðs að Jarlsstöðum. Í tilkynningunni hafi komið fram að ekki sé talin hætt á smiti í fólk og afurðir séu hæfar til manneldis. Í tölvupóstinum hafi einnig komið fram að ráðstöfun hræja og úrgangs sem yrði hreinsað úr búunum yrði ráðstafað í samráði við Umhverfisstofnun.

Þann 19. ágúst sl. hafi Umhverfisstofnun borist afrit af bréfi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til rekstraraðila Reykjarðs um fyrirskipun aðgerða vegna þessa atviks. Í samræmi við í 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eru fyrirskipuð þrif og sóttthreinsun alls búans eftir að öll hólfin hafi verið tæmd auk eyðingu hræja og hugsanlegs smitefnis sem ekki er hægt að þrifa og sóttthreinsa. Þrif, sóttthreinsun og eyðing skuli fara fram samkvæmt leiðbeiningum og undir eftirliti Matvælastofnunar. Sama dag, þann 19. ágúst sl., hafi Umhverfisstofnun borist afrit af tölvupósti héraðsdýralæknis Matvælastofnunar til rekstraraðila Reykjarðs um samþykki Matvælastofnunar fyrir urðun skíts frá fuglum á Jarlsstöðum á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Umhverfisstofnun hafi gert athugasemdir við það verklag þar sem að urðunarstaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu uppfylli ekki skilyrði sem sett hafa verið í starfsleyfi urðunarstaðarins um botnþéttingar, sigvatnssöfnun og aðrar tilhlýðilegar mengunarvarnir til að heimilt sé að urða lífrænan úrgang. Jafnframt hafi Umhverfisstofnun gert athugasemd við verklag Matvælastofnunar um að veita heimild til urðunar á urðunarstað sem falli undir starfsleyfisskyldu og eftirlit Umhverfisstofnunar án samráðs við stofnunina. Í kjölfar athugasemdarinnar sendi Matvælastofnun tillögu að ráðstöfun hræja og annars hugsanlegs smitefnis til umsagnar til Umhverfisstofnunar.

Í áðurnefndu erindi Umhverfisstofnunar kemur jafnframt fram að samkvæmt upplýsingum Matvælastofnunar teljist kjúklingahræ sem greinst hafi með IBH veiru sem dýraafurð í 2. flokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009, sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Samkvæmt reglugerðinni skuli farga slíkum úrgangi með brennslu eða urðun að undangenginni þrýstisæfingu, sjá nánar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Með tilliti

til upplýsinga frá Matvælastofnun um að stofnunin myndi leggjast gegn því að hugsanlegt smitefni yrði flutt fram hjá öðrum kjúklingabúum sé flutningur úrgangsins í sorpbrennslu eða þrýstisæfingu ekki mögulegur valkostur. Umhverfisstofnun hafi því tekið til skoðunar hvort aðrar leiðir væru færar. Í ákveðnum tilfellum geti lögbært yfirvald heimilað aðra förgun efna í 2. flokki en fram komi í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Í 3. gr. reglugerðar nr. 647/2017 komi fram að Umhverfisstofnun sé lögbært yfirvald skv. 19. gr. EB reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun geti því heimilað aðra förgun efnisins en tilskilin sé í 13. gr., þ.e. í þeim tilvikum sem fjallað er um í 19. gr. Stofnunin hafi rýnt greinina og telji, í þessu tilviki, að til þess að uppfylla reglugerð (EB) nr. 1069/2009 sé stofnuninni einungis stætt á því að heimila förgun skv. e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar, eigi ekki að notast við þær aðferðir sem upp séu taldar í 13. gr. Samkvæmt e-lið 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 geti lögbært yfirvald, sem sé í þessu tilviki Umhverfisstofnun, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað förgun aukaafurða úr dýrum, annarra en efnis í 1. flokki sem um geti í i. lið a-liðar 8. gr., með brennslu eða urðun á staðnum við skilyrði sem komi í veg fyrir yfirfærslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, ef upp komi tilkynningarskyldur sjúkdómur og flutningur í næstu stöð, sem hafi fengið samþykki fyrir vinnslu eða förgun umræddra aukaafurða, myndi auka hættuna á útbreiðslu heilbrigðisáhættu eða, ef um sé að ræða útbreidda uppkomu.

Samkvæmt grunnvatnslíkani ÍSOR sem unnið hafi verið fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepp í desember 2008 komi fram að jarðlög á landssvæði Jarlsstaða séu mjög lek og viðkvæm fyrir mengun svo urðun á landi Jarlsstaða sé líkleg til að valda mengun í Ytri-Rangá og vatnsbólum í nágrenni býlisins. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila dags. 27. ágúst sl. hafi komið fram að ekki sé mögulegt að brenna hugsanlegt smitefni á staðnum. Umhverfisstofnun telji því ekki forsvaranlegt að veita undanþágu til urðunar á staðnum skv. e. lið 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Umhverfisstofnun telji jafnframt að aðrar forsendur fyrir undanþágum skv. 19. gr. reglugerðarinnar eigi ekki við í þessu tilviki.

Reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sé sett með stoð í lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir. Hvorug þessara laga séu á verksviði Umhverfisstofnunar, þó að stofnunin sé lögbært yfirvald hvað varði viss ákvæði reglugerðar nr. 674/2017. Með breytingu á reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem hafi tekið gildi 15. nóvember 2018 hafi ákvæði í 7. gr. um leyfisveitingu Umhverfisstofnunar til urðunar dýrahreja verið felld úr gildi. Samkvæmt b og c-lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs gildi lögin ekki um hræ dýra sem drepist hafa á annan hátt en við slátrun þ.m.t. dýra sem hafi verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum og sem sé fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar af leiðandi sé hvergi í lögum fjallað um hlutverk Umhverfisstofnunar sem lögbært yfirvald hvað varði reglugerð nr. 674/2017.

Umhverfisstofnun bendir á í erindi sínu að í máli þessu séu komin upp neyðarréttarleg sjónarmið sem taka þurfi afstöðu til. Um sé að ræða opinbera aðgerð samkvæmt lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem greiðist samkvæmt VI. kafla laganna. Með tilliti til smits- og mengunarvarna sé mikilvægt að fundinn verði farvegur fyrir úrganginn eins fljótt og mögulegt sé. Færð hafi verið rök fyrir því að brennsla og þrýstisæfing sé ekki möguleg og að urðun í landi Jarlsstaða sé líkleg til að valda mengun og því hafi möguleiki á urðun að urðunarstað Hulu á Skógasandi verið kannaður. Í tölvupósti til Umhverfisstofnunar frá 28. ágúst, komi fram að rekstraraðili urðunarstaðarins að Hulu samþykki urðun svo fremi sem slík ráðstöfun sé samþykkt af lögbæru yfirvaldi. Í tölvupóstum dags. 27. og 28. ágúst frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands og Matvælastofnun komi fram að ekki séu gerðar athugasemdir við flutning og urðun úrgangsins á urðunarstað Hulu.

Í ljósi framangreindra aðstæðna leggi Umhverfisstofnun til að ráðuneytið veiti urðunarstaðnum Hulu á Skógasandi undanþágu frá starfsleyfi til móttöku vírusmitaðra dýrahreja og annars úrgangs sem fjarlægður hafi verið af búi Reykjagarðs að Jarlsstöðum í samræmi við fyrirskipun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í bréfi dags. 19. ágúst sl.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með því og að

fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Í umsagnarbeiðni vísar ráðuneytið til framangreinds erindis Umhverfisstofnunar, dags. 28. ágúst 2019, að með tilliti til smits og mengunarvarna sé mikilvægt að finna farveg fyrir úrganginn eins fljótt og mögulegt sé og að í ljósi áhættu umrædds úrgangs sé óskað eftir umsögn sem allra fyrst.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 28. ágúst 2019, kemur fram að stofnunin telji rétt að veitt verði undanþága frá starfsleyfi Hulu hvað urðun á lífrænum úrgangi frá kjúklingabúi Reykjagarðs að Jarlstöðum varði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í umsögn Matvælastofnunar, sem barst með tölvupósti 29. ágúst 2019, segir að stofnunin hafi bent á að flutningur á urðunarstað skuli fara fram með fok- og lagarheldu flutningstækni, einnig að úrgangur verði hulinn jarðvegi þegar í stað eftir að honum hafi verið komið fyrir á urðunarstað. Leki sem áður hafi verið minnst á frá frystigámi komi hvorki frá gámnum sjálfum né innihaldi hans heldur frá þéttivatni af kælivél gámsins. Þrif og sóttthreinsun flutnings- og annars tækjabúnaðar fari fram eftir nánari tilmælum Matvælastofnunar. Flutningur úrgangs skuli fara um Árbæjarveg. Heildamagn úrgangs sé áætlað um það bil 60 tonn og eins og sakir standi þoli málið ekki langa bið.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 29. ágúst 2019, segir að heilbrigðisnefndin geri ekki athugasemd við að urðunarstaðnum Hulu að Skógasandi verði veitt undanþága frá starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna urðunar á lífrænum úrgangi, þ.e. taka á móti sýktum kjúklingi (úrgangi) frá kjúklingabúi Reykjagarðs að Jarlstöðum. Nefndin tekur undir kröfur Umhverfisstofnunar í bréfi dags. 28. ágúst 2019 og fer fram á að flutningur úrgangsins að urðunarstaðnum Hulu verði í lokuðum og lekaheldum flutningatækjum.

Ráðuneytið er með tölvupóst frá Holta til Umhverfisstofnunar, dags. 27. ágúst sl., þar sem fram kemur af hverju brennsluofn hjá SS á Selfossi henti ekki til að brenna smituðum kjúklingahræjum frá alifuglabúi Reykjagarðs að Jarlstöðum. Í tölvupóstinum kemur fram að engin reynsla sé af notkun ofnsins til brennslu á kjúklingahræjum hér á landi og því ekki vitað hvernig það myndi koma til með að ganga. Þegar ofninn hafi verið tekinn í notkun hjá SS þá hafi tekið nokkra mánuði að ná tökum á verklagi. Erfiðast hafi verið að halda brennslunni jafnri. Upp hafi komið tilvik þar sem brennsla hafi verið stjórnlaus, ofninn hafi farið á yfirhita sem hafi leitt til alvarlegrar bilunar. Menn telji því verulega vankanta á að brenna umrædd kjúklingahræ. Að auki séu ákvæði í starfsleyfi fyrir rekstur ofnsins um að eingöngu megi brenna í honum hráefni sem falli til hjá SS á Selfossi. Með tilliti til smitvarna sé talið útilokað að koma með kjúklingahræ með miklu smitefni inn á lóð SS og meðhöndla það þar. Komandi sláturtíð hafi í för með sér mikla umferð bænda, gripabíla, flutningstækja o.fl. Auk þess séu fóðurbílar SS þrifnir og sóttthreinsaðir hjá SS. Smitefni úr kjúklingnum geti þannig dreifst um allar sveitir á félagssvæði SS, sem nái frá Lómagnúp í austri að Gilsfirði í Döllum. Því sé talið útilokað að brenna úrgang frá Rangárbúinu í brennsluofni SS á Selfossi. Framkvæmdastjóri Holta hafi kannað hvort hugsanlega lægju sambærilegir ofnar á lausu í landinu, en mönnum hafi ekki verið kunnugt um slíkt.

Í tölvupósti frá sérgreinaðýralækni Matvælastofnunar til Umhverfisstofnunar frá 22. ágúst kemur fram að umræddur úrgangur flokkast sem flokkur 2. Hræin séu í 40 feta frystigámi og vega um 18 tonn. Jafnframt þurfi að farga undirburði sem er um 40 tonn, mögulega spæni sem eftir standi ónotaður og menguðum jarðvegi. Bæði undirburður og hræ yrðu flutt í lokuðum gámum, en frystigámurinn hafi ekki undan að frysta og leki, svo ekki sé hægt að líta á hann sem alveg lokaða einingu. Hræin séu frosin í gámnum og því þurfi gámurinn að standa á staðnum sem verði valinn í u.þ.b. sólarhring svo að hægt verði að láta renna úr honum. Um sé að ræða tilkynningaskyldan dýrasjúkdóm.

Í tölvupósti sveitarstjóra Mýrdalshrepps til Matvælastofnunar, dags. 28. ágúst 2019 kemur fram að stjórn Hulu hafi veitt samþykki sitt fyrir urðun á umræddum úrgangi að því gefnu að eftirlitsaðilar gefi samþykki sitt og að rekstraaðilar geri ekki athugasemd við urðunina.

Í kjölfar veirusmits í kjúklingum þarf að farga hræjum og öðrum úrgangi því tengdu frá alifuglabúi Reykjagarðs að Jarlstöðum. Um er að ræða veirusjúkdóminn IBH (Inclusion Body Hepatitis) sem er tilkynningaskyldur sjúkdómur og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur

fyrirskipað aðgerðir í samræmi við 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, m.a. eyðingu hræja og hugsanlegs smitefnis sem ekki er hægt að þrifa og sótthreinsa. Um er að ræða mikið magn, jafnvel um eða yfir 60 tonn af úrgangi. Með tilliti til smits og mengunarvarna er mikilvægt að úrgangurinn fari í örugga förgun eins fljótt og auðið er. Ljóst er að hvorki brennsla né þrýstisæfing er möguleg aðgerð og að urðun í landi Jarlsstaða er líkleg til að valda mengun. Ekki kemur til greina að urða umræddan úrgang að urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd þar sem staðurinn uppfylli hvorki skilyrði um botnþéttingar og sigvatnssöfnun né aðrar tilhlýðilegar mengunarvarnir til að heimilt sé að urða lífrænan úrgang þar. Stjórn urðunarstaðarins að Hulu hefur veitt samþykkt fyrir urðun á umræddum úrgangi fallist rekstaraaðilar á það. Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Hulu á Skógasandi var gefið var út af Umhverfisstofnun 14. febrúar 2014.

Samkvæmt e-lið 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 getur Umhverfisstofnun þrátt fyrir ákvæði 13. gr. heimilað förgun aukaafurða úr dýrum, annarra en efnis í 1. flokki sem um er getið í i. lið a-liðar 8. gr., með brennslu eða urðun á staðnum við skilyrði sem koma í veg fyrir yfirfærslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, ef upp koma tilkynningarskyldir sjúkdómar og flutning í næstu stöð, sem hefur fengið samþykki fyrir vinnslu eða förgun umræddra aukaafurða, muni auka hættuna á útbreiðslu heilbrigðisáhættu eða, ef um sé að ræða útbreidda uppkomu. Eins og fram kemur er ómögulegt að urða úrganginn á staðnum og líta ber á urðunarstaðinn á Skógasandi sem næsta mögulega stað frá Jarlstöðum þar sem hægt er að farga umræddum úrgangi.

Í ljósi þessa og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurlands og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Byggðasamlagi Hulu kt. 430697-2269 tímabundna undanþágu frá tölul. I í grein 1.2 í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Skógasandi, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 14. febrúar 2014, til að taka við og urða allt að 60 tonn af sýktum kjúklingahræjum og öðrum úrgangi þeim tengdum frá alifuglabúi Reykjagarðs að Jarlstöðum. Á gildistíma undanþágunnar fer Umhverfisstofnun með eftirlit með starfsemi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skal stofnunin birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslu.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Umhverfisstofnun skal heimila förgun umrædds úrgangs sem er í 2. flokki.
2. Úrgangurinn skal ekki blandast öðrum úrgangi.
3. Úrganginn skal flytja í lokuðum og lekaheldum flutningstækjum og tryggja að ekkert leki frá þeim.
4. Úrganginn skal flytja allan í einu / á sama tíma á urðunarstaðinn.
5. Gryfjan þar sem úrgangurinn verður urðaður skal vera í hæfilegri fjarlægð frá öðrum urðunarreinum til að koma í veg fyrir blöndum við annan úrgang.
6. Gryfjan skal vera merkt með skýrum hætti og hnitsett.
7. Við urðun skal viðhafa sérstaka aðgát til að tryggja sem best að fuglar og aðrar skepnur komist ekki í úrganginn.
8. Úrgangurinn skal hulinn jarðvegi þegar í stað eftir að honum hafi verið komið fyrir á urðunarstað og ganga skal frá gryfjunni í samræmi við ákvæði 4.5 í starfsleyfi .
9. Umhverfisstofnun getur sett fram frekari kröfur og leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangsins.

Undanþága þessi gildir þangað til búið er að urða umrædda úrgang og Umhverfisstofnun samþykkja frágang og gefa út eftirlitsskýrslu en þó eigi lengur en til 13. september 2019.

Líta ber svo á að það magn sem undanþága þessi nær til sé ekki hluti af því magni sem kveðið er á um í grein 1.2 í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Skógasandi frá 14. febrúar 2014 en samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári, þó aldrei meira en 10 tonn á dag.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Marianna Said

Afrit:
Umhverfisstofnun
Matvælastofnun
Mýrdalshreppur
Reykjagarður
Heilbrigðisnefnd_Suðurlands
Atvinnuvega_og_nýsköpunarráðuneytið

